

106 7. gr.
16. júlí Stjórn sjóðsins skipa: Sá ábúandi á Hólum, sem er nánastur niðji gefandans, Þorleifs Jónssonar. Sé ábúandi Hóla ekki niðji Þorleifs Jónssonar, tilnefnir hreppsnefnd Nesjahrepps einhvern niðja hans, sem heima á í hreppnum, í hans stað. Annar maður valinn af stjórn U. M. S. Úlfljóts og þriðji tilnefndur af sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu. Formaður stjórnar er ábúandi Hóla eða sá, sem kemur í hans stað.

8. gr.
Í sambandi við þessa sjóðstofnun láta þeir Þorleifur Jónsson og Hjalti Jónsson, eigendur Hóla, af höndum spildu úr túninu austan fram við Klettinn, sokaallaðan Klettapart, um $\frac{1}{2}$ ha, undir trjáræktarstöðina endurgjaldslaust. En Úlfljótur tekst á hendur að girða spilduna, hafa á hendi gróðursetningu og aðra vinnu, viðhald girðinga o. fl., enda geti sýslubúar á sínum tíma fengið úr stöðinni plöntur til gróðursetningar heima við bæi o. s. frv.

9. gr.
Leggist U.M.S. Úlfljótur niður eða hætti störfum, skal stjórn skógræktarfélags sýslunnar, ef það verður til, skipa mann í stjórn sjóðsins í stað Úlfljóts, ella skipar sýslunefndin manninn í stjórnina.

10. gr.
Stjórn sjóðsins semur reikning sjóðsins fyrir hvert almanaksár og skal hann lagður fyrir sýslunefnd til yfirlits og athugunar ár hvert.

11. gr.
Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í Stjórnartíðindum, eins og reglur mæla fyrir um.

Hólum, 12. ágúst 1944.

Þorleifur Jónsson. Jón Þorleifsson. Haukur Þorleifsson. Páll Þorleifsson.
Þorbjörg Thorlacius. Anna Þorleifsdóttir. Rósa Þorleifsdóttir.

107
7. októ.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 57 17. apríl 1944, um breyting á reglugerð nr. 133 28. des. 1936, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.
Bráðabirgðaákvæði reglugerðar nr. 57 1944 verði á þessa leið:
Fyrningu á olíu- og benzíngeymum og tilheyrandi stöðvum, er byggðir eru á árunum 1946, 1947 og 1948, skal reikna 10% — tíu af hundraði — á ári.

2. gr.
Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt a-lið 10. gr. laga nr. 6/1935, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 7. október 1946.

Pétur Magnússon.

Sigurður Ólason.